

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

55. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 1. mars 2016 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir, af hálfu KÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

- 1. Á kennari sem er í fullu starfi og starfar við kennslu í 8 kennlustundir á viku og sinnir öðrum verkefnum í hinum hluta starfsins að raðast í starfsheitið verkefnastjóri.**

Niðurstaða:

Kennari sem er í þessari stöðu á að raðast sem verkefnastjóri 2 samkvæmt kjarasamningi.

- 2. Getur verkefni sem skipulagt er af Umhverfis- og skipulagssviði og fram fór dagana 1. – 5. febrúar í Árbæjarskóla talist til uppbrotsdaga?**

Niðurstaða

Verkefnið getur ekki talist til uppbrotsdaga eins og þeir eru skilgreindir í kjarasamningi aðila.

- 3. Endurnýjuð heimild til kennara um að afsala sér kennsluafslætti fyrir skólaárið 2016 – 2017.**

Niðurstaða

Aðilar eru sammála um að standa sameiginlega að upplýsingagjöf vegna ákvörðunar samstarfsnefndar á 54. fundi um hvernig stadið verður að opnun glugga vegna afsals kennsluafsláttar. Lögð fram drög að sameiginlegu bréfi. Bjarna Ómari og Ólafi falið að undirrita bréfið sem sent verður til skólastjórnenda og kennara.

4. Mat á kennsluferli kennara við Vídísstaðaskóla í Hafnarfirði.

Niðurstaða

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25.